

Áform um frumvarp til laga um vindorku

Reykjavík 22. des 2023

Mikilvægt er að þegar stórtækar áætlanir eru settar fram, ekki síst af stjórnvöldum að tilhlýðilegar rannsóknir liggi að baki sem styðja í þessu tilviki uppbyggingu risastórra vindorkumannvirkja sem munu að óbreyttu hafa gríðarleg og óafturkræf áhrif á íslenskt samfélag og síðast en ekki síst íslenska náttúru. Tilraunaverkefni sem gerð hafa verið með vindorku á Íslandi í margfalt smærri skala eru ekki til þess fallin að skera úr um það hvort vindorkuver af áður óþekktri stærðargráðu gangi upp hér á landi. Áform um frumvarp vegna vindorku þarf því fyrst og síðast að taka mið af athugunum og rannsóknum til að hægt sé að svara spurningum á borð við hvort það sé raunverulega í þágu þjóðarhagsmuna að ráðast slíka mannvirkjasmíð sem kann að hafa ófyrirséð og óafturkræf áhrif á íslenskt samfélag og innviði alla með því einstæðri náttúru sem verður raunverulega ekki metin til fjár.

Sé tekið mið af reynslu nágrannaþjóða þá liggur fyrir að miklar deilur hafa sprottið í samfélögum vegna vindorkumannvirkja. Ástæður þessara samfélagsdeilna vegna vindorkumannvirkja hafa verið af margvíslegum toga og farið stórvaxandi síðustu ár.

Má þar nefna nokkur atriði – hér er alls ekki tæmandi listi sem eru áhrifavaldar átaka.

- Mikil og óafturkræf náttúruspjöll með gríðarlegu jarðraski
- Neikvæð ásýndaráhrif – hafa margfaldast vegna stækkunar á örfáum árum
- Blikkljósamengun um kvöld og nætur – truflar norðurljósa upplifun og sólarlag
- Neikvæð hljóðvist – hljóðmengun rýfur öræfakyrrið
- Neikvæð áhrif á náttúruupplifun - ferðamennsku og útivist almennt
- Misjafnlega mikill fugladauði eftir staðsetningum – friðaðir ránfuglar í sérstakri hættu
- Vindorkuver eru gríðarlega landfrek miðað við framleiðslu – á Íslandi er takmarkað land til ráðstöfunar fyrir stór iðnaðarsvæði og nútíma vindorkuver
- Uppbygging vindorkuvera hefur valdið miklum skaða á votlendum svæðum með mikilli losun Co2 – vindorkuver hafa komist upp með að gefa ekki upp sótpor sitt.
- Miklar jarðvegsskiptar vegalagnir og annað jarðrask kring um vindorkuver hafa skorið í sundur stór vistkerfi og skaðað líffræðilega fjölbreytni
- Framleiðsla á raforku með vindorkuverum er ósjálfbær – er háð jafnvægisorku
- Óstöðug vindorkuframleiðsla hefur almennt leitt til stórhækkaðs raforkuverðs til almennings sem hefur valdið miklu tjóni í samfélögum og valdið smærri og meðalstórum fyrirtækjum rekstarvandæðum.
- Vindorkuframleiðsla hefur ekki farið í orkuskipti hjá nágrannaþjóðum eins og lýst hafði verið yfir – þeir framleiða aðeins fyrir þá sem borga mest fyrir orkuna og áfram hefur framleiðslu vindorku verið stýrt til orkufreks mengandi iðnaðar.
- Yfirsýn og réttlætning byggingu vindorku í þágu loftslagsaðgerða hefur því reynst fullkomin grænþvottur.
- Vindorkuframleiðsla hefur víða valdið miklum vandæðum vegna álags á raforkukerfi sem þarf víða að styrkja sérstaklega vegna óstöðugar framleiðslu
- Þegar vindorkuframleiðsla er í toppi hafa framleiðendur verið staðnir að því búa til skortstöðu sem hefur bitnað á almenningi – í tilfellum er vindorkuframleiðendum þá greitt fyrir að stöðva framleiðsluna til að halda verðinu uppi.

- Vindorkufyrirtæki hafa fengið sérstakar ívilnanir frá viðkomandi stjórnvöldum nágrannaþjóða – það bitnar svo með öðrum hætti á skattlagningu á almenningi.
- Miklar deilur hafa sprottið upp hjá nágrannaþjóðum vegna ógagnsæis um eignarhald á vindorkufyrirtækjum og brotum á sköttum og skyldum
- Stórfelld innkoma erlendra orkufyrirtækja á Íslandi grefur undan þeim stöðugleika sem ríkt hefur á Íslandi í orkumálum, afleiðingar þess að gefa óheft leyfi til erlendra yfirráða á orkukerfinu á Íslandi mun hafa óafturkræfar afleiðingar á alla neytendur í landinu og mun fyrst og síðast bitna á þeim sem verst standa.
- Stór hluti erlendra vindorkufyrirtækja m.a. í Noregi vista fjármuni sína í skattaskjólum
- Arðurinn af vindorkufyrirtækjunum ef einhver er verður ekki eftir í samfélögunum og mjög fá störf skapast í nærsamfélögum
- Fjöldi gjaldþrot eru yfirvofandi í vindorkuiðnaði í Svíþjóð um þessar mundir sem ætti að vera Íslandi til viðvörunar.
- Vindorkufyrirtæki hafa víða brotið á almennarétti og dómar hafa fallið meðal annars. á grunni frumbyggjaréttar
- Örplastmengun út í vistkerfin eru staðreynd vegna slits á vindorkuspöðum og mikil vandamál eru enn til staðar varðandi endurvinnslu og eða endurnýtingu.
- Óstöðugt veðurfar hefur víða valdið gríðarlegum erfiðleikum í stærri vindorkuverum – veðurfar sem segja má að einkenni einmitt Íslenskt veðurfar, sbr. miklar hitasveiflur, úrkoma í formi rigningar, él, ísing, sand og leirfjúk en allt þetta veldur truflunum og auknu sliti á spöðum.
- Ískast frá spöðum á norðlægum slóðum er þekkt vandamál og því þarf að loka svæðum svo ekki hljótist slys af. Ísland er sérlega óhentugt vegna þessa.
- Í hverri vindorkutúrbínu eru mörg hundruð lítrar af olíu – í tilfellum hefur komið upp olíuleki og engar vindorkuvirkjanir hafa verið með viðtaka og olían því farið óhindrað út í jarðveginn rétt eins og örplastið.
- Í tilvikum hefur kveiknað í vindtúrbínum
- Viðhald á vindorkuspöðum er misjafnlega mikið en í flestum atriðum er það mikið á líftíma. Viðgerðir á spöðum felast m.a. í sliti þar sem plastagnir dreifast um umhverfið og út í náttúruna með eituráhrifum sem ekki hafa verið rannsakað kerfisbundið hvaða langtímaafleiðingar getur haft sbr. PFAS og fl.
- Líftími vindorkuvera er bestur við miðbaug þar sem er að finna jafnvind og hitastig sem hentar mun betur fyrir vindorkuver.
- Samanburður á áhrifum vegna vindorkuvera milli landa hefur ekki verið rannsakaður sérstaklega. Fyrir liggur hinsvegar að áhrif vindorkuvera á einstæðar landslagsheildir eins og er að finna á Íslandi eru margfaldar á við lönd sem hafa ekki á slíkt landslag sem hér er að finna.
- Vindorkufyrirtæki hafa verið knúinn til að greiða bætur til handa íbúum á nærsvæðum þar sem sannað hefur verið dýrkeyptar afleiðingar sbr. heilsubrest, verðfall á fasteignum og skertri upplifun.

Niðurstaða undirritaðs sem hefur rýnt þróun vindorku síðustu 6 ár er skýr.

Vindorkumannvirki og alls ekki undir neinum kringumstæðum á Ísland að kalla yfir sig orkumannvirki sem hafa jafn gríðarlega neikvæð heildræn áhrif og vindorkumannvirki. Ísland er ríkt af orku og langt um ríkara en önnur viðmiðunarlönd. Þörfin er því einfaldlega ekki til staðar og Íslensk þjóð býr því við þá sérstöðu vegna annarrar orkuframleiðslu með vatni og

jarðhita að það væri gríðarlegur afleikur hjá stjórnvöldum að gefa vindorkufyrirtækjum lausan tauminn hér á landi. Í besta falli væri hægt að gefa þeirri stofnun sem þjóðin á, það er Landsvirkjun heimild til að reisa tilraunavindorkuver inn á mikið röskuðu svæði þar sem hægt væri að færa land sem best fyrra horfs þegar tilraunastarfsemi lýkur.

Undirritaður er því fullkomlega sannfærður eftir margra ára athuganir og samskipti við Noreg, Svíðþjóð, Danmörk auk þess að hafa kynnt sér samfélagsleg áhrif vindorku víðar um heim á þeirri skoðun að Ísland á alls ekki að kalla vindorkuframléiðslu og meðfylgjandi stórskalamannvirki yfir þjóðina. Slíkt er hreint glapræði í landi sem hefur alla burði til að verða sjálfbært með núverandi orkugjöfum.

Mjög óljós áform nú um stundir að gefa sveitarfélögum einhversskonar sjálfðæmi um að taka staðbundnar ákvarðanir um uppbyggingu vindorkuvera er vísasta leiðin til að skapa villta vestursástand hér á landi í orkumálum með ófyrirséðum afleiðingum þar sem sýnt hefur sig að flest sveitarfélög eiga nú þegar í miklum erfiðleikum með að sinna skyldum sínum í skipulags og byggingarmálum og hvað þá ef allt ferlið með leyfisveitingum ofan á allt yrði fært á eina hendi eða því sem næst.

Það sem er hvað mest ámælisvert við öll þau áform og stefnu ásamt frumvarpi um vindorku er að ennþá hefur ekki verið sköpuð sú umgjörð sem þarf að liggja fyrir um þennan mjög svo umdeilda iðnað áður en lengra er haldið.

Það hefur í fyrsta lagi ekki enn verið sýnt fram á þörfina á vindorkuverum í orkuríka landinu Íslandi með rökum sem halda. Það hefur ekki verið mótuð umgjörð um hvernig á að stýra orkunni til orkuskipta. Það hefur ekki verið tekið á því hvernig á að koma í veg fyrir að orkuframléiðendur selji aðeins þeim sem býður hæst hverju sinni. Og það sem er grundvallaratriði til viðbótar er að það hefur heldur ekki verið mótuð stefna eða lög um hvernig verja á almenning fyrir verðhækkunum á raforku og eða orkuskorti ef orkuframléiðendur eiga ósnertir að fá að halda áfram að selja orkuna til hæstþjóðenda og orkufrekra fyrirtækja.

Meðan ekki hefur verið tekið á þessum grundvallaratriðum er það fullkomið glapræði að ana blint af augum með orkumarkaðinn hér á landi með bundið fyrir augun og ætla svo eins og stundum áður að taka íslensku leiðina á þetta þ.e. að taka fyrst á málum með lögum og reglum þegar það verður of seint.

Heimavinna orkumálaráðuneytisins er því algjörlega eftir og meðan svo er þá leggur undirritaður til að málefni vindorkuiðnaðarins verði tekin af dagskrá meðan orkumál þjóðarinnar eru enn í grundvallaratriðum í fullkomnum ólestri.

Virðingarfyllt
Andrés Skúlason